

Yfirlit yfir störf Loftslagsráðs 2020-2021

Dags. 7. júlí 2021

Starfsemin, fundir og fulltrúar

Áhrif COVID-19, einkum takmarkanir á samkomum vegna sóttvarna, setti mark sitt á starfið í ráðinu. Flestir fundir og viðburðir ráðsins voru haldnir rafrænt á starfsárinu 2020-2021. Haldnir voru 15 fundir frá ágúst 2020 fram í júní 2021.

Nokkrar breytingar urðu á skipan fulltrúa í Loftslagsráði á starfsárinu. Gunnar Dofri Ólafsson fulltrúi Viðskiptaráðs vék úr ráðinu og við tók Guðmundur Þorbjörnsson. Sigurður Eyþórsson fulltrúi Bændasamtaka Íslands vék úr ráðinu og við tók Unnsteinn Snorri Snorrason. Marianna Traustadóttir fulltrúi ASÍ vék úr ráðinu og við tók Auður Alfa Ólafsdóttir. Ragnar Frank Kristjánsson annar fulltrúi sveitarfélaga vék úr ráðinu og við tók Sveinn Margeirsson.

Í desember 2020 samþykkti ráðið [starfsreglur Loftslagsráðs](#). Markmið þeirra er að setja umgjörð og viðmið um starfsemi Loftslagsráðs, að stuðla að trausti og trúnaði í samskiptum og við meðferð upplýsinga, bæði innan ráðsins og gagnvart utanaðkomandi aðilum, sem og að stuðla að gagnsæi í starfsemi ráðsins.

Starfsáætlun 2020-2021

[Starfsáætlun](#) var samþykkt á fundi ráðsins 20. október 2020. Í henni kemur fram að Loftslagsráð leggur megináherslu á eftirtalda þætti:

- Mótvægisáðgerðir til að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda.
- Áhættumat og viðnámsþol gagnvart loftslagsvá.
- Almenna vitund um loftslagsvandann og leiðir til að sporna við.

Viðfangsefni sem lagt var upp með í starfsáætlun 2020-2021 falla undir eftirfarandi flokka:

1. Aðhald og ráðgjöf til stjórnvalda
2. Upplýst umræða, upplýsingamiðlun og fræðsla
3. Kolefnishlutleysi og aðrar skuldbindingar
4. Áhættumat, aðlögun og viðnámsþol
5. Kolefnishagstjórn
6. Öflug stjórnsýsla loftslagsmála

Álit og greinargerðir

Í október 2020 samþykkti Loftslagsráð [álit um ábyrga kolefnisjöfnun](#) og taldi ráðið brýnt að ráðast í úrbætur á veikleikum sem úttekt sem unnin var fyrir Loftslagsráð fyrir á árinu leiddi í ljós.

Í janúar 2021 sendi Loftslagsráð frá sér [umsögn um tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026](#), útgefin í nóvember 2020.

Þekking í þágu loftslagsmála er kortlagning á loftslagstengdri vísindaráðgjöf sem Loftslagsráð vann í samstarfi við Stofnun Sæmundar fróða við HÍ og kom út í júní 2021. Hún var unnin á grundvelli samtals við aðila sem tengjast vísindaráðgjöf hér á landi sem starfa hjá opinberum stofnunum, háskólum og orkufyrirtækjum. Markmiðið var að ná fram aðalatriðum varðandi mat viðmælenda á stöðu vísindaráðgjafar í loftslagsmálum og hlutverkum þeirra stofnana/fyrirtækja sem þeir eru í forstöðu fyrir. Einnig var eftir föngum spurt um fjármögnun og um þá farvegi sem eru til staðar, eða ættu að vera til staðar fyrir vísindaráðgjöf og hvernig þessi þekking nýtist sem best í stefnumótun og við ákvarðanatöku í loftslagsmálum.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá landi er yfirskrift samantektar á rannsóknum og vöktun og samræmi við kröfur í losunarbókhaldi Íslands sem unnin var af VSO fyrir Loftslagsráð. Tilgangur verkefnisins var að varpa ljósi á hvernig rannsóknir og vöktun á losun frá landi hérlendis mæta kröfum í uppgjörsglum um loftslagsbókhald. Einnig var skoðað hvernig sveigjanleikaákvæði í reglugerðum ESB nýtast hérlendis og hvaða atriði þarf helst að taka afstöðu til í nýju regluverki hér á landi varðandi losun frá landi. Samantektin kemur út í ágúst 2021.

Viðburðir

[Loftslagsvænar framfarir í kjölfar COVID-19](#) var yfirskrift málfundar sem Loftslagsráð hélt 10. nóvember 2020 í samstarfi við sendiráð Bretlands á Íslandi. Tilgangur fundarins var að hvetja til samstöðu og ábyrgðar í viðbrögðum við loftslagsvá og kynna næstu loftslagsráðstefnu SP (COP26). Á málfundinum var rætt um áhrif kórónuveirufaraldursins og loftslagsvæna endurreisn í kjölfar hans. Þátttakendur auk fulltrúa Loftslagsráðs, varaformanns og formanns, og sendiherra Bretlands á Íslandi, voru umhverfis- og auðlindaráðherra Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Rebecca Heaton, fulltrúi í loftslagsráði Bretlands og Nick Bridge, sérstakur fulltrúi breska utanríkisráðherrans í loftslagsmálum. Brynja Þorgeirsdóttir stýrði umræðum að loknum framsögum fundarmanna. Fundurinn var haldinn í beinu streymi og eru upptökur aðgengilegar á vef Loftslagsráðs.

[Hringborð unga fólksins](#) voru umræður ungra Íslendinga sem starfa við loftslagsmál á alþjóðavettvangi. Markmið hringborðsins var að vekja athygli á mikilvægi alþjóðlegs samstarfs til að auka metnað í baráttunni gegn loftslagsvánni með áherslu á hlutverk ungs fólks og leiðir til að efla þátttöku þess enn frekar. Umræðunum var streymt beint. Þátttakendur voru Salka Sigurðardóttir, forsætisráðuneyti Bretlands (Cabinet Office), Mikael Allan Mikaelsson, utanríkisráðuneyti Bretlands (FCDO), Aldís Mjöll Geirsdóttir, forseti Norðurlandaráðs æskunnar og Þorgerður M. Þorbjarnardóttir, formaður Ungra umhverfissinna, og þátttakandi í MOCK COP. Þeir Sigurður Loftur Thorlacius, fulltrúi unga fólksins í Loftslagsráði og Pétur Gunnarsson, loftslagsfulltrúi sendiráðs Bretlands á Íslandi, stýrðu umræðum en sendiráðið og Loftslagsráð stóðu sameiginlega að viðburðinum með þátttöku Ungra umhverfissinna.

[Vinnustofa um ábyrga kolefnisjöfnun](#) var haldin í febrúar og mars (25. febrúar, 4. og 18. mars) í samstarfi Loftslagsráðs og [Staðlaráðs Íslands](#). Tilgangur vinnustofunnar var að ná fram skýrari heildarmynd af áskorunum, hindrunum, möguleikum og lausnum með framlagningu upplýsinga, gegnum skoðanaskipti og sameiginlega vinnu þátttakenda. Hagaðilum, sem hafa hlutverki að gegna eða hagsmunum að gæta, var boðin þátttaka og tóku um 50 manns þátt frá 32 fyrirtækjum, samtökum, stofnunum og stjórnvöldum. Eingöngu var til umræðu valkvæður markaður með kolefniseiningar, ekki skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi. Afrakstur vinnustofunnar var formleg vinnustofusamþykkt og tók tækninefnd til starfa á vettvangi Staðlaráðs í framhaldinu.

[Fyrirkomulag og reynsla Dana í stjórnun loftslagsmála](#) var efni opins streymisfundar sem Loftslagsráð hélt þann 24. mars 2021. Ulla Blatt Bendtsen, yfirmaður alþjóðatengsla hjá danska loftslagsráðinu, [Klimaráðet](#), hélt fyrirlestur og síðan fóru fram umræður milli hennar og meðlima í Loftslagsráði.

Samtal og sókn í loftslagsmálum er yfirskrift viðburða sem tengjast skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum 2030 og rýni á möguleika til að ná megi markmiði um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Markmiðið var að varpa ljósi á sóknarfæri sem felast í krefjandi markmiðssetningu og loftslagsvænum fjárfestingum. Hugmyndin er að koma á virkara samtali við framfaraöfl innan atvinnugreina og um nýsköpunarstarf, sem og að setja umræðu um 2030 markmið í loftslagsmálum í samhengi við áfanga í átt að kolefnishlutleysi.

Þann 5. maí 2021 var streymt á netinu frá samtali við fólk í [ferðabjónustu](#) um tækifæri og áskoranir í loftslagsvænni uppbyggingu greinarinnar. Þátttakendur voru Auður H. Ingólfssdóttir, ráðgjafi og stjórnarformaður Vatnajökulsþjóðgarðs, Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar Nýorku, Jón Gestur Ólafsson, gæða-, umhverfis- og öryggisstjóri Bílaleigu Akureyrar og Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Eldingar. Fulltrúar í Loftslagsráði sem tóku þátt í samtalinu voru Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir, prófessor við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Sveinn Margeirsson, sveitastjóri Skútustaðahrepps. Fundarstjóri var Snjólaug Ólafsdóttir.

Þann 2. júní 2021 var streymt á netinu frá samtali við aðila í [sjávarútvegi](#) og sérfræðinga um loftslagsvæna uppbyggingu sjávarútvegs. Þátttakendur voru Bjarni Hjartarson, farartækjahönnuður hjá NAVIS, Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri nýsköpunar, samfélagsábyrgðar og fjárfestatengsla hjá Brim, Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis í Grindavík og Sveinn Agnarsson, hagfræðingur, prófessor við viðskiptadeild HÍ. Fulltrúar í Loftslagsráði sem tóku þátt í samtalinu voru þau Halldór Þorgeirsson formaður og Hrönn Hrafnisdóttir hjá Reykjavíkurborg.

Ráðið hefur komið að viðburðum annarra, s.s. með þátttöku formanns í málfundum og viðburðum. Má þar nefna Umhverfisþing, Ársfund Veðurstofunnar, Loftslagsfund Festu og Reykjavíkurborgar 2020 og kynningarfund um þróunarskýrslu SP.

Samskipti, vefur og samfélagsmiðlar

Á fundi ráðsins hafa komið gestir og kynnt ýmis málefni og opinbera stefnumörkun sem tengist loftslagsmálum. Meðal þess sem gestir hafa kynnt er mótun aðlögunarstefnu í loftslagsmálum, langtíma orkustefna, landbúnaðarstefna, viðauki við landsskipulagsstefnu, landsáætlun í skógrækt og landsframlag Íslands (NDC). Umhverfis- og auðlindaráðherra og starfsmenn ráðuneytisins hafa komið á fundi ráðsins til að svara spurningum fulltrúa um þau mál sem eru í vinnslu hjá ráðuneytinu, stefnumörkun o.fl. Þá kynnti Richard Baron framkvæmdastjóri 2050 Pathways Platform þróun á alþjóðavettvangi varðandi yfirlýsingar um kolefnishlutleysi.

Unnið var að ýmsum verkefnum á grundvelli samskiptastefnu ráðsins. Vefur Loftslagsráðs var opnaður í júlí 2020 og reglulega er miðlað upplýsingum frá Loftslagsráði á vef og helstu samfélagsmiðlum: Facebook, LinkedIn, Twitter og Vimeo. Á vefnum er að finna starfsáætlun ráðsins, starfsreglur, fundargerðir, álit og útgefið efni, skilgreiningar á hugtökum, upplýsingar um samninga og alþjóðastofnanir og um fulltrúa í ráðinu. Upptökur af fundum og viðtöl sem tekin hafa verið upp í tengslum við viðburði eru aðgengileg á vefnum, samtals 27 video.

Reglulegir upplýsingafundir voru haldnir með ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra loftslagsmála og umhverfis- og auðlindaráðherra.

Helstu breytingar á stjórnýslu og lögum um loftslagsmál

Ein leið til að meta áhrifin af starfi Loftslagsráðs er að skoða þær breytingar sem gerðar hafa verið á stjórnýslu loftslagsmála og viðbrögð stjórnvalda við álitum og umsögnum Loftslagsráðs. Hér er yfirlit yfir helstu breytingar, aðgerðir og stefnumótun sem stjórnvöld hafa ráðist í að undanförunu. Í sumum tilfellum vísa stjórnvöld beint í álit og umsagnir ráðsins þegar breytingar eru gerðar.

Nýtt skipurit umhverfis- og auðlindaráðuneytisins tók gildi 1. júní 2020. Sett var á fót skrifstofa alþjóðamála og samþættingar og ný [skrifstofa loftslagsmála](#) sem hefur umsjón með stefnumótun, framkvæmd og eftirfylgni loftslagsmála. Í september hóf skrifstofustjóri loftslagsskrifstofu störf.

[Ráðherranefnd um loftslagsmál](#) var stofnuð 2020. Hlutverk hennar er að efla samráð og samhæfingu meðal þeirra ráðuneyta sem vinna að framgangi loftslagsmála innan Stjórnarráðsins. Nefndinni er einnig ætlað að vera vettvangur fyrir pólitíska stefnumótun og umræður um aðgerðir á sviði loftslagsmála. Nefndinni er jafnframt ætlað að koma að uppfærslu og framkvæmd aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum, fjalla um umræður á alþjóðavettvangi um nýjar skuldbindingar og stefnu Íslands varðandi kolefnishlutleysi. Ráðuneytisstjórar viðkomandi ráðuneyta starfa einnig saman að undirbúningi mála sem nefndin fjallar um. Í tillögum Loftslagsráðs um [framfaraskipulag stjórnýslu loftslagsmála](#) kom fram að aðkoma nær allra ráðuneyta væri nauðsynleg til að auka samhæfingu og sameiginlega ábyrgð í loftslagsmálum.

[Þann 1. júlí 2020 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um loftslagsmál](#). Með breytingunni er lögfest samstarf Íslands, Noregs og Evrópusambandsins um 40% heildarsamdrátt ríkjanna í losun gróðurhúsalofttegunda fram til 2030, miðað við losun ársins 1990. Með samþykktri breytingu á loftslagslögum er veitt heimild til að innleiða þessar reglugerðir, en þær fjalla annars vegar um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt og hins vegar um „sameiginlega ábyrgð“, sem nær til losunar utan viðskiptakerfis ESB, s.s. frá samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði og meðferð úrgangs. Þá setti Ísland sér markmið í árslok 2020 um að ná 55% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030, miðað við losun 1990, í samfloti með ESB og Noregi. Framlag Íslands í þessu uppfærða markmiði liggur ekki fyrir.

[Ráðgjafahópur vegna stefnumótunarvinnu um vegferð í átt að kolefnishlutleysi 2040](#) var settur á fót í febrúar 2021 og óskaði ráðuneytið eftir tilnefningu fulltrúa Loftslagsráðs í þann hóp. Hópurinn átti að ljúka vinnu sinni 15. maí.

[Ráðherra skipaði starfshóp um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum](#) í desember 2020. Stefnumið er ætlað að vera grundvöllur að gerð heildstæðrar áætlunar um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Í tilkynningu ráðuneytisins kemur fram að starfshópurinn eigi í vinnu sinni m.a. að horfa til skýrslu Loftslagsráðs „[Að búa sig undir breyttan heim](#)“. Í júní 2020 skilaði hópurinn [hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum](#) og var hún sett í samráðsgátt til kynningar.

Í maí 2021 var tilkynnt um [stofnun skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar](#) á Veðurstofu Íslands. Hún verður sameiginlegur vettvangur háskólasamfélagsins, Rannís, fagstofnana og hagaðila. Þá segir að skrifstofan eigi að vera mikilvægur vettvangur til að styðja stefnu stjórnvalda um aðlögun vegna loftslagsbreytinga sem er í smíðum.

Í júní 2021 var [markmið um kolefnishlutleysi 2040 lögfest á Alþingi](#). Þá var skilgreining á kolefnishlutleysi sett inn í lög um loftslagsmál.

Reykjavík 7. júlí 2021
Guðný Káradóttir, verkefnisstjóri